

Stefnan sett til 2025



Íslenskir staðlar



Strategía til 2025

Stefna Staðlaráðs Íslands



Stefna Staðlaráðs Íslands er að vera framúrskarandi og eftirsóttur samstarfsaðili sem gegnir lykilhlutverki við að tengja saman hagsmunaaðila með það að markmiði að búa til einfaldar, samhæfðar og virðisaukandi lausnir á flóknum áskorunum og með því stuðla að frábærum árangri fyrirtækja og stofnana á sviði sjálfbærni, gæða, öryggis og afkomu.

Með stefnu sinni leggur Staðlaráð áherslu á hlutverk sitt sem samstarfsvettvangur hagsmunaaðila. Í því felst að fóstura og verkefnastýra stöðlunarverkefnum til að leysa áskoranir, ekki síst á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar, í anda heims-markmiða Sameinuðu þjóðanna.



Staðlaráð er samstarfsvettvangur þeirra sem eiga hagsmuna að gæta af gerð og notkun staðla hérlendis. Staðlaráð er hluti af sterku og þéttu neti fjölþjóðlegra staðlasamtaka sem sameinast undir hatti ISO, IEC, CEN og CENELEC í samvinnu sem nær til allt að 95% heimsins.

Þjónusta Staðlaráðs byggir á þremur meginstólpum; útvegum staðla, verkefnastjórn í innlendu staðlastarfi og upplýsingagjöf- og fræðslu. Þá er Staðlaráð einnig tengiliður við fjölþjóðleg staðlasamtök þar sem sérþekking Íslands nýtist við staðlagerð á heimsvísu.

Í tækninefndum Staðlaráðs Íslands starfa okkar bestu og hæfustu sérfræðingar á hverju sviði. Þannig eiga bestu viðmið og bestu mögulegu lausnir greiða leið inn í íslenska staðla.

Staðlaráð Íslands starfar eftir vottuðu gæðastjórnunarkerfi skv. ÍST EN ISO 9001:2015.

Framboð staðla í vefverslun Staðlaráðs er gríðarmikið eða um 53.000 gildir staðlar frá alþjóðlegum og fjölþjóðlegum samtökum auk séríslenskra staðla sem gerðir hafa verið á Íslandi fyrir íslenskan markað. Þá er þar einnig að finna tugþúsundir staðla sem hafa verið felldir niður.



Staðlanotkun getur aukið aðgengi að mörkuðum hér heima og erlendis, gæði vöru og þjónustu, hún getur tryggt seiglu í rekstri og uppbyggingu fyrirtækja og er leið til þess að koma nýsköpun á framfæri. Staðlanotkun getur dregið úr framleiðslukostnaði, aukið hagræði, tryggt umhverfisvernd og heilsu- og neytendavernd. Þá eru staðlar markvisst notaðir til að styðja við áform stjórnvalda og auðvelda hlítu við lög og reglur.

Áskoranir

Virði og ávinningur staðlanotkunar er ekki nógu þekkt.
Áskoranir felast í;

- að auka staðlanotkun;
- í atvinnulífinu
- meðal stjórnsýslunnar
- sem verkfæri til að auðvelda hlítu við lög og reglur
- að Staðlaráð verði þekkt sem framúrskarandi og eftirsóttur samstarfsaðili sem leysir flóknar áskoranir í samfélaginu í samstarfi við hagsmunaaðila
- að viðhalda samkeppnishæfni Staðlaráðs



Styrkja innviði:

- Styrkja þarf almenna tæknikunnáttu innandyrna til að nýta betur upplýsingatækni og rafrænar lausnir.
- Auka þarf og bæta aðgengi að stöðlum, sérstaklega fyrir stórnotendur í atvinnulífinu en ekki síður stjórnvöld.
- Styrkja þarf fagþekkingu innandyrna á brýnum samfélagslegum viðfangsefnum, s.s. loftslagsmálum.
- Auka þarf samvinnu við ráðgjafa og sérfræðinga.
- Auka þarf hraða við staðlagerð.

Efla mannauð:

- Við stuðlum að uppbyggjandi starfsþróun og tryggjum að starfsmenn hafi aðgang að endurmenntun, þjálfun og búnaði sem nýtist þeim í starfi.
- Starfsandi stuðlar að frumkvæði, metnaði og ábyrgð m.a. með því að tryggja að starfsmenn hafi heimildir og stuðning til að taka ákvarðanir og samvinna ríki um úrlausnarefni.
- Starfsumhverfi Staðlaráðs er jákvætt og hvetjandi þar sem virðing er borin fyrir viðhorfum og skoðunum og stjórn og starfsmenn vinna saman að því að leysa úrlausnarefni.
- Við stuðlum að uppbyggjandi vinnustaðamenningu með jákvæðum og hvetjandi samskiptum, samvinnu og virðingu.

Styrkja samvinnu:

- Við vinnum að auknu samstarfi, m.a. við stjórnvöld til að virði og ávinningur staðlanotkunar sé þekkt.
- Við stefnum að fjölgun formlegra samstarfsaðila, m.a. með fleiri samningum um birtingu og vöktun staðlasafna og fleiri samningum um aukið aðgengi að stöðlum hjá hinu opinbera og stórnotendum.
- Við fylgjum eftir tækifærum í séríslenski staðlagerð og notkun staðla, t.d. á sviði samfélagsábyrgðar og sjálfbærni m.a. með því að taka þátt í að skapa lausnir sem auðvelda fyrirtækjum/stofnunum að sýna fram á árangur.

Styrkja ímynd og markaðssókn:

- Við vinnum að nýrri ásýnd með áherslu á sjálfbærni og samvinnu, m.a. með nýjum vef, aukinni notkun samfélagsmiðla, rafrænu kennslu-efni, auknu aðgengi að staðlasöfnum og meiri upplýsingagjöf.
- Við leggjum áherslu á tengingu við vörumerki stórra fjölþjóðlegra staðlasamtaka eins og ISO, IEC, CEN og CENELEC, m.a. með því að deila efni frá þeim í auknum mæli í gegnum miðla Staðlaráðs og býða kynningarefni, greinar og upplýsingar.
- Við stefnum að því að bæta aðgengi að stöðlum og auka rafræna upplýsingagjöf